

„heilaga ofbeldi“.^{*)} Það er þannig samræmi á milli hinnar hæstu nútíðar hugskoðunar um mannlífð og trúarsetninga þeirra er einkenna nútíðar framfara-hreifingu vora í trúmálum. Eg segi trúarsetningu þeirra er einkenna, því að Ný-Englands frjálslyndisstefnan byrjaði ekki sem kenning um guðdómlega einingu, heldur sem manneðlis kenning. Hin einkennilega og óumbreytanlega grundvallarskoðun vor, er viðurkenning hinna hæstu andans hæfileika mannsins. Það er sú skoðun, sem hefir leyst oss frá hinni hræðilegu kenningu um guðlegt hatur til syndugra manna, eins og það var prédikað af Edwards^{*)} og fylgjendum hans. Það er sú skoðun, sem hefir gert oss fært að skilja og halda fram hinni háleitustu staðhæfingu hins sögulega Jesú um guðlegt faðerni allra manna. Það er sú skoðun, sem hefir leyst oss frá þröngum og hjátrúarfullum hugmyndum um ósjálfráðar opiðberanir, er mannlegum vitsmunum væru ofvaxnar. Það er sú skoðun, sem hefir komið oss til að líta með samhygd og góðvild á öll trúarbrögð heimsins, hverju nafni sem þau nefnast. Það er sú skoðun, sem hefir gert oss fært að hafa trú í samræmi við menningarlega og félagslega framför, það er sú skoðun, sem hefir hjálpað oss til að líta á Jesú sem einn af hinum mestu andans mönnum mannkynsins, og auðgast af hans trúarlegu andagift og áhuga, án þess að gera hann að meira en manni. Aðalkenning vor um eðlisfar og hæfileika mannsandans heldur því fram, að hann sé svo skyldur því guðdómlega, að í hverjum góðum verknaði sé hann meðtakandi guðlegs lífs, svo skyldur guði, að í hugsjóninni, sem felst í samlíkingunni um guðs faðerni, sé opinberun þess guðs, sem oss hefir skapað. Frá þeirri kenningu held eg því fram, að alt annað, sem vér únitarar trúum, fylgi sem bein afleiðing. Það, sem að skilur oss frá hinum orþódoxu trúarbrögðum, er grundvallaratriði—það er spurningin um samband mannsandans við guð. Að vissu leyti má segja, að vér höldum því fram um alla menn, sem að eldri kyrkjurnar hafa tak-

^{*)} „Holy violence“ var kallað afturhvarf án tilverknaðar mannsins á meðal amerískra afturhvarfs prédikara.

^{*)} Jonathan Edwards nafnkendur afturhvarfs prédikari í Bandaríkjunum.